



LESTRARVÍSIR

Grunnskólans á Ísafirði, Grunnskólans á Suðureyri, Grunnskóla Önundarfjarðar og Grunnskólans á Pingeyri

Lestrarvísir grunnskólanna í Ísafjarðarbæ er unnin eftir þeim lestrarkennsluaðferðum, skimunum og prófum sem notast er við í skólunum. Einnig er unnið eftir þeim viðmiðum í lestri sem Menntamálastofnun hefur gefið út. Góð lestrarfærni er undirstaða náms og því leggja skólarnir ríka áherslu á lestrarkennslu. Að vinna með lestur er ferli sem er í sífelldri endurskoðun og kennslan á að taka mið af því sem reynist farsælast hverju sinni.

Lestrarþjálfun er sameiginlegt verkefni heimilis og skóla og áherslur taka mið af stöðu nemenda hverju sinni. Til að ná góðum tókum á lestrinum er mikilvægt að þjálfra færni og lesskilning markvisst. Það er gert með því að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum. Í því felst að vinna með orðaforða, málskilning og málvitund allt frá upphafi grunnskólagöngu.

Lestrarvísirinn er lifandi plagg og í stöðugri þróun. Hann er leiðbeinandi fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra, um það hvernig unnið er með þjálfun í lestrarfærni, lesfímipróf, lesskilningspróf, skimanir og greiningarpróf.

Lestur

er málræn aðgerð sem byggir á samspili margra þátta sem eru nauðsynlegir til að túlka og skilja ritmál. Grunnur að góðri færni í lestri er lagður á fyrstu æviárum barnsins. Því betri málþroska sem barn hefur, því betur er það í stakk búið til að takast á við lestrarnám. Foreldrar, kennarar og aðrir sem koma að uppeldi barna gegna því mikilvæga hlutverki að undirbúa ung börn undir líf og starf í þjóðfélagi sem hefur það að markmiði að allir þjóðfélagsþegnar séu læsir og skrifandi. Heimilin gegna lykilhlutverki í lestrarþjálfun barnanna. Áhugi foreldra, aðstoð og hvatning eru mjög mikilvæg og geta skipt sköpum um árangur barns í lestrarnámi.

Í grunnskólum Ísafjarðarbæjar fer lestrarkennsla fram með kennsluaðferðinni Byrjendalæsi. Sú aðferð gerir ráð fyrir að hægt sé að kenna börnum ólíka færni í lestri hlið við hlið og því lögð áhersla á hópavinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Í Byrjendalæsi er lögð áhersla á mikilvægi þess að kennsla í læsi feli í sér nálganir sem ná til allra þátta móðurmálsins. Þá er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis. Að auki eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðavitund, rétttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið.

Lestur krefst víðtækrar málfærni og þekkingar á tungumálinu. Börn verða að vera fær um að skilja merkingu orða, samhengi í texta og að draga ályktanir út frá lestextanum. Þetta reynir mikið á orðaforða, málfræðiþekkingu, málskilning og hæfni til að nota málið í mismunandi samhengi. Börnum með slaka málfærni er hætt við að lenda í erfiðleikum með lesskilning, jafnvel þótt þau geti umskráð bókstafina í hljóð og orð.

Þjálfaður lestur beinist að því að lesandinn nái góðum tókum á þrenns konar hæfni:

- Hann þarf að eiga auðvelt með að greina flókið samspil bókstafa og hljóða til að geta umskráð þau orð sem síðan festast smám saman í sjónrænu orðasafni hugans og því fyrr sem þau eru oftar lesin.
- Hann þarf að hafa góðan málskilning og góðan orðaforða til þess að skilja merkingu textans.

- Hann þarf að ráða yfir lesfimi, geta lesið hratt og fyrirhafnarlaust og geta beint athyglinni að innihaldi lestextans.

Góðir lesarar njóta þess gjarnan að lesa og lesturinn veitir þeim ánægju.

Lesfimi

Í grunnskólum Ísafjarðarbæjar eru raddlestrarpróf lögð fyrir þar sem prófað er í lesfimi. Lesfimi er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynraenum þáttum tungumálsins (lestrarlag), en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Hún birtist í sjálfvirkum, fyrirhafnarlausum lestri sem lesinn er í viðeigandi hendingum og með réttu hljómfalli. Lesfimi er mikilvæg við upplestur og hljóðlestur og getur bæði takmarkað og stutt við lesskilning.

Eftirfarandi lýsing á lesfimum lesara skýrir þetta enn betur:

Lesfimir lesarar ...

- eru færir um að þekkja orð nákvæmlega
- bera kennsl á orð og setningar fyrirhafnarlaust
- geta beint allri orku sinni að því að tileinka sér innihald texta
- eru færir um að draga fram rétta merkingu texta með réttum áherslum
- kunna líka að hafa áhrif á merkingu með því að breyta áherslum
- hafa góðan lesskilning ef málskilningur er góður.

Eins og fram kemur í skilgreiningunni felur lesfimin í sér þrjá þætti en sá síðasti er lestrarlagið eða hrynraenir þættir sem skiptast í rétt hljómfall og mótun hendinga við raddlestur. Nemandi getur ekki tileinkað sér gott lestrarlag nema lestrarferlið sé áreynslulítið (hratt og nákvæmt) sem gerir það að verkum að hann getur gætt textann lífi. Hann getur ekki lesið af innlifun öðruvísi en að hafa fullan skilning á því sem hann er að lesa. Fyrirhafnarlítill umskráning er lykilatriði við lestur vegna mögulegra áhrifa á lesskilning.

Orðaforði og lesskilningur

Lesskilningur er nokkuð flókið fyrirbæri og er háður fjölmörgum þáttum svo sem orðaforða lesarans, bakgrunnsþekkingu, þekkingu á uppbyggingu textategunda, tilgangi lestrar og menningarlegu samhengi svo dæmi séu tekin. Það er mikilvægt fyrir lesara að gera sér grein fyrir því að á bak við hvern texta er höfundur sem lesarinn á í raun og veru í samtali við en þessi skilningur getur gert lesarann að gagnrýnum lesara. Lesskilningsaðferðir miða flestar að því að hjálpa lesaranum að gera sér grein fyrir því innra hugarferli sem á sér stað þegar glímt er við texta og fá honum verkfæri eða bjargir í hendur til að skilja eðli og takast á við hindranirnar sem verða á vegi hans við lestur.

Pals lestrarþjálfun

Unnið er með K-PALS lestrarþjálfun í lestrarnámi nemenda í 1. bekk og PALS í 2. - 7. bekk. PALS stendur fyrir *Peer Assisted Learning Strategies* og hefur fengið íslenska heitið *Pör að læra saman*. PALS er lestrarþjálfunaraðferð þar sem nemendur vinna saman, tveir og tveir og fara í gegnum ákveðið ferli. Annar nemandinn les en hinn þjálfar og svo er skipst á hlutverkum. Sá sem byrjar að lesa kallast lesari eitt og hinn aðilinn lesari tvö. Kennslustundin skiptist í paralestur, endursögn, að draga saman efnisgreinar og forspá. Alls tekur ferlið um 35 mínútur en nemendur fara í PALS þrisvar sinnum í viku í 12 vikur í senn. Skipt er um félagar á fjögurra vikna fresti. Markmiðið með þessu verkefni er að bæta lestrarfærni nemendanna en rannsóknir sýna miklar framfarir hjá nemendum sem fá PALS lestrarþjálfun.

Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur er ferli sem fær nemandann til að einbeita sér betur að lestri textans. Ef nemandi nær tökum á gagnvirkum lestri getur hann bætt lesskilning sinn til muna. Ferlið er þannig að nemandi les texta, t.d. eina efnisgrein og dregur síðan saman aðalatriðin úr textanum. Því næst spyr nemandinn sig spurninga um efni textans. Ef það eru orð eða orðasambönd sem nemandinn skilur

ekki er leitað svara við þeim með aðstoð kennara. Að lokum er spáð fyrir um framhald textans. Oft er erfitt að gera það í fræðigreinum og þá er forspánni sleppt. Síðan er lestrinum haldið áfram.

Í gagnvirkum lestri er lögð áhersla á að nemandi einbeiti sér að efninu og tengi efnið fyrri þekkingu. Beiti ályktunarfærni, lesi á milli lína, hugi vel að því sem óljóst er, spyrji sig spurninga um efnið og hvaða skilning hann leggur í efnið. Aðferðina er hægt að nota sem ferli en jafnframt má leggja áherslu á staka þætti hennar. Margar rannsóknir benda til þess að gagnvirkur lestur auki skilning nemenda á les- og námsefni. Gagnvirkur lestur er þjálfður markvisst á unglingastigi.



Áherslur í lestrarkennslu

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10.

Viðmið - orð á mínútu í lok skólaárs:	bekkur	bekkur	bekkur	bekkur	bekkur	bekkur	bekkur	bekkur	bekkur	bekkur
Lágmarks/ almenn/ metnaðarfull	20/55/ 75	40/85/ 100	55/100/ 120	80/120 /145	90/140/ 160	105/155/ 175	120/165/ 190	130/180 /210	140/180/ 210	145/180/ 210
Lesið fyrir börnin og unnið með texta	Daglega				2x í viku			1x í viku		
Hljóðkerfisvitund, bókstafir og hljóð	Daglega		Unnið með eftir þörfum							
Skólalestur fyrir kennara/félaga	Daglega				3x í viku		1x í viku	2x í mánuði		
Heimalestur	Daglega									
Yndislestur	Daglega							3x í viku		
Unnið með orðaforða /málskilning/ lesskilning	Daglega									
PALS	1 lota á vorönn		1 lota að hausti							
Framsagnarlestur			1 lota á önn					Tengt þemum		
Gagnvirkur lestur								1x í viku		

Viðbragðsáætlun - þegar lestrarviðmiðum er ekki náð

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10.

Viðmið - orð á mínútu í lok skólaárs:	bekkur bekkur bekkur bekkur bekkur bekkur bekkur bekkur bekkur bekkur bekkur									
Lágmarks/ almenn/ metnaðarfull	20/55/ 75	40/85/ 100	55/100/ 120	80/120/ 145	90/140/ 160	105/155/ 175	120/165/ 190	130/180/ 210	140/180/ 210	145/180/ 210
V2 = viðmið 2 á milli V2 og V3	Yndislestur Heimalestur Hvatt til helgarlesturs									
V1 = Viðmið 1 á milli V1 og V2	Yndislestur Skólalestur Heimalestur samkvæmt áætlun við heimili Hvatt til helgarlesturs									
UV = undir viðmiði 1	Einstaklingsáætlun í samstarfi við heimili Skólalestur Yndislestur Heimalestur Hvatt til helgarlesturs									

Próf og skimanir

Hér má sjá þau próf og skimanir sem lagðar eru fyrir í grunnskólum Ísafjarðarbæjar, hvenær það er gert og hver er ábyrgðaraðili hverrar fyrirlagðar.

	Heiti skimunar	Hvenær lagt er fyrir	Ábyrgðaraðili
1.bekkur	Lesferill – lesskimun	október	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfími B	janúar	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfími A	maí	umsjónarkennarar
2.bekkur	Lesferill – lesfími A	september	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfími B	janúar	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfími A	maí	umsjónarkennarar
3.bekkur			
	Lesferill – lesfími A	september	umsjónarkennarar
	Orðarún 1	október	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfími B	janúar	umsjónarkennarar
	LOGOS lestrargreining	febrúar	deildarstj.stoðþj./sérkennari
	Orðarún 2	apríl	umsjónarkennari
	Lesferill – lesfími A	maí	umsjónarkennari

	Heiti skimunar	Hvenær lagt er fyrir	Ábyrgðaraðili
4.bekkur	Lesferill – lesfimi A	september	umsjónarkennarar
	Orðarún 1	október	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfimi B	janúar	umsjónarkennarar
	Orðarún 2	apríl	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfimi A	maí	umsjónarkennarar
	Framsagnarpróf	vor	umsjónarkennarar
5.bekkur	Lesferill – lesfimi A	september	umsjónarkennarar
	Orðarún 1	október	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfimi B	janúar	umsjónarkennarar
	Orðarún 2	apríl	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfimi A	maí	umsjónarkennarar
	Framsagnarpróf	vor	umsjónarkennarar

	Heiti skimunar	Hvenær lagt er fyrir	Ábyrgðaraðili
6.bekkur	Lesferill – lesfimi A	september	umsjónarkennarar
	Orðarún 1	október	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfimi B	janúar	umsjónarkennarar
	LOGOS lestrargreining	febrúar	deildarstj.stoðþj. /sérkennari
	Orðarún 2	apríl	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfimi A	maí	umsjónarkennarar
	Framsagnarpróf	vor	umsjónarkennarar
7.bekkur			
	Lesferill – lesfimi A	september	umsjónarkennarar
	Orðarún 1	október	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfimi B	janúar	umsjónarkennarar
	Orðarún 2	apríl	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfimi A	maí	umsjónarkennarar
	Framsagnarpróf	vor	umsjónarkennarar

	Heiti skimunar	Hvenær lagt er fyrir	Ábyrgðaraðili
8.bekkur	Lesferill – lesfimi A	september	umsjónarkennarar
	Orðarún 1	október	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfimi B	janúar	umsjónarkennarar
	Orðarún 2	apríl	umsjónarkennarar
9.bekkur	Lesferill – lesfimi A	maí	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfimi B		
	GRP14		
	Lesferill – lesfimi A		
10.bekkur	Lesferill – lesfimi A	september	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfimi B	janúar	umsjónarkennarar
	Lesferill – lesfimi A	apríl	deildarstj.stoðþj. /sérkennari
		maí	umsjónarkennarar

Framsagnarpróf eru próf sem meta framsögn og lestrarlag. Prófin eru bæði í

bundnu og óbundnu máli og er textinn valinn af kennurum hverju sinni. Framsagnarprófin eru ekki stöðluð.

GRP-14 er staðlað skimunarpróf á umskráningarfærni, stafsetningu, hljóðlestrarhraða og lesskilningi. Slök umskráningarfærni er megineinkenni dyslexíu/lesblindu. GRP 14 gefur því vísbendingar um dyslexíu/lesblindu.

Lesferill er staðlað matstæki sem gefið er út af Menntamálastofnun. Með honum eru grunnþættir læsis metnir, ásamt því sem hann veitir upplýsingar um framvindu í lestrarnámi og gefur vísbendingar um lestrarerfiðleika.

Lesferill inniheldur fimm tegundir prófa

- Lesskimun fyrir 1.bekk sem prófar hljóðkerfisvitund, bókstafaþekkingu, umskráningu og málskilning.
- Lesfimi A og B eru raddlestrarpróf fyrir 1. - 10. bekk sem prófa hraða og nákvæmni við lestur. Viðmið um leshraða eru gefin út af Menntamálastofnun og er miðað við fjölda lesinna orða á mínútu. Hægt er að reikna fjölda lesinna atkvæða á mínútu með því að margfalda lesinn orðafjölda á mínútu með 1,6 fyrir 1. og 2.bekk og með 1,7 fyrir 3. - 10. bekk. Viðmið Menntamálastofnunar miðast við stöðlun prófa í maímánuði.
- Sjónrænn orðaforði er lestrarpróf sem prófar færni í ritháttarlestri.
- Orðleysur er lestrarpróf sem prófar færni í umskráningu.
- Nefnuhraði er próf sem reynir á færni í að nefna þekkta hluti/tákn hratt.



LOGOS lestrargreining er lögð fyrir þá nemendur í 3., 6. og 9. bekk sem eru undir

lágmarksviðmiðum Menntamálastofnunar í leshraða. Í 10. bekk fara nemendur með greiningu um sértæka lestrarerfiðleika í endurmat hjá sérkennara eða deildarstjóra stoðþjónustu.

Orðarún 1 og 2 eru stöðluð lesskilningspróf fyrir 3. - 8. bekk. Prófið kannar hversu vel nemendur skilja meginefni texta og hugtaka, átta sig á staðreyndum og draga ályktanir.

Ísafirði í febrúar 2022

Grunnskólarnir í Ísafjarðarbæ

